

Sunnulækjarskóli



Sjálfsmatsskýrsla

2014 - 2015

Guðbjörg Halldórsdóttir

Efnisyfirlit:

1. Inngangur.....	4
2. Lýsing á Sunnulækjarskóla.....	5
3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla.....	8
3.1 Ytri rammi og innri viðmið.....	8
3.2 Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla.....	8
3.3 Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla.....	9
3.4 Matsspurningar.....	10
4. Niðurstöður.....	11
4.1. Stefna og stjórnun.....	11
Stefna og stefnumörkun.....	11
Stjórnun.....	12
Stefna og stjórnun – samantekt.....	13
4.2. Nám og kennsla.....	14
Kennsla og kennsluhættir.....	14
Stoðkerfi.....	17
Námsmat.....	18
Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu.....	19
Heimanám.....	23
Aðstaða nemenda og námsumhverfi.....	24
Námsrángur – samræmd próf.....	25
Nám og kennsla – samantekt.....	30
4.3. Líðan nemenda.....	32
Líðan nemenda í skólanum.....	32
Einelti.....	35
Heilsa nemenda.....	38
Skóla- og bekkjarandi.....	39
Agi.....	41
Virk þátttaka nemenda í tímum.....	42
Líðan nemenda – samantekt.....	44
4.4. Starfsánægja starfsmanna.....	45
Aðgengi að upplýsingum og sérfræðipjónustu.....	45

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Ábyrgð og áskoranir í starfi	47
Samvinna og teymisvinna.....	48
Starfsaðstæður	50
Starfsþróun.....	52
Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar	55
Starfsánægja starfsmanna – samantekt.....	57
4.5. Samvinna heimila og skóla	59
Upplýsingagjöf.....	59
Samvinna og samskipti við starfsmenn	60
Virgni og áhrif foreldra á skólastarfið.....	61
Heimastuðningur.....	62
Þjónusta við nemendur og foreldra	64
Samvinna heimila og skóla - samantekt.....	66
4.6. Listi yfir helstu niðurstöður	67
5. Umræða.....	69
6. Lokaorð.....	72

1. Inngangur

Þessi skýrsla er greinargerð um skólastarf í Sunnulækjarskóla og með hvaða hætti skólastarfið er metið, hverjar niðurstöður matsins eru, hvernig áætlanir eru gerðar um eflingu skólastarfsins, bæði viðhald sterkra þátta og leiðum til úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er fjallað um einkenni Sunnulækjarskóla, stefnu hans og markmið. Þá er sjálfsmatsaðferðum skólans lýst, á hvaða upplýsingum sjálfsmatið byggist og hvaðan þær upplýsingar koma. Því næst er gerð grein fyrir þeim matsspurningum sem liggja til grundvallar matinu en þær spurningar byggjast á stefnu skólans og þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Þá er fjallað um niðurstöður sjálfsmatsins í hverjum áhersluþætti fyrir sig. Að lokum er lagt mat á niðurstöðurnar; helstu styrkleika skólastarfsins, áberandi breytingar á milli skólaára, helstu veikleika eða sóknarfæri og hvaða þróunarverkefni skólinn ætti að hafa í forgangi á næsta skólaári/skólaárum til að ná sem bestum árangri á öllum sviðum.

Sjálfsmatsskýrsla þessi gerir í flestum tilvikum aðeins grein fyrir skólastarfi Sunnulækjarskóla síðastliðin þrjú skólaár. Eldri upplýsingar um skólastarfið er að finna í fyrri sjálfsmatsskýrslum sem eru aðgengilegar á vef Sunnulækjarskóla <http://www.sunnulaekjarskoli.is/>.

2. Lýsing á Sunnulækjarskóla

Sunnulækjarskóli tók til starfa haustið 2004. Við hönnun skólans var farin sérstök leið sem byggist á samráði margra og þátttöku fulltrúa allra aðila skólasamfélagsins. Áhersla var lögð á að horfa fram á veg og ígrunda hvaða þörfum grunnskóli í nútímasamfélagi beri að sinna.

Með þetta í huga var hannaður skóli þar sem kennsla fer fram á opnum svæðum og svigrúm er gefið til samvinnu, samstarfs og fjölbreyttra kennsluhátta. Skólastarfið byggist á þremur grunnstoðum, einstaklingsmiðuðu námi, teymisvinnu starfsmanna og opnum kennslurýmum sem skapa umgjörð skólastarfsins.

Í byrjun voru 130 nemendur í fjórum árgöngum við skólann. Á hverju ári bættist einn árgangur við skólann sem óx hratt. Haustið 2010 var Sunnulækjarskóli orðinn fullvaxinn 10 árganga grunnskóli. Með auknum íbúafjölda á upptökusvæði skólans hefur skólinn haldið áfram að vaxa og skólaárið 2014 – 2015 voru 570 nemendur við skólann. Fyrirsjáanlegt er að enn muni nemendum við skólann fjölga og búist er við um 610 nemendum á næsta skólaári.

Til að koma til móts við aukinn nemendafjölda var ákveðið á árinu 2014 að byggja nýja álmu við skólann. Við hönnun þeirrar álmu sem hefur að geyma 8 kennslusvæði, var sérstaklega horft til yngstu nemenda. Ger er ráð fyrir nýjum inngangi auk aðstöðu til að matast á neðri hæð álmunar. Byggingarframkvæmdir hófust á yfirstandandi skólaári og mun neðri hæð viðbyggingarinnar verða tilbúin til notkunar haustið 2015.

Við mótun skólastarfsins er leitast við að hafa sem mest samráð við nemendur, foreldra og starfsfólk. Innleiðing Uppbyggingarstefnunnar er ein af þeim leiðum sem valin hefur verið til að skapa jákvætt og þroskandi skólaumhverfi. Grunnur hennar er góður skilningur á samskiptum og mikilvægi þeirra í farsælu skólastarfi. Þannig er áherslan á þarfir einstaklingsins og mikilvægi þess að æfa sig í góðum samskiptum höfð í fyrirrúmi. Þá hefur teymisvinna starfsmanna verið lykilþáttur í skólastarfinu og verið skólanum mikil lyftistöng við mótun starfshátta.

Sunnulækjarskóli hefur gefið út sjálfsmatsskýrslu á hverju ári hin síðari ár og eru þær aðgengilegar á vefsvæði skólans. Sjálfsmatsskýrslurnar byggja á umfangsmikilli gagnasöfnun, bæði niðurstöðum námsmats, viðhorfakannana meðal foreldra og starfsmanna og auk þess eru gerðar nemendakannanir fimm sinnum á ári þar sem spurt er um líðan, einelti, áhuga, áræði, samvinnu við kennara o.fl.

Sunnulækjarskóla er skipt í yngri og eldri deild sem hvorri um sig er stýrt af deildarstjóra. Setrið, sem er sérdeild Suðurlands, er einnig hluti af Sunnulækjarskóla og er stýrt af deildarstjóra sérdeildar. Við skólann starfar deildarstjóri stoðþjónustu sem sér um skipulag stuðnings við nemendur sem á þurfa að halda. Hólar, lengd viðvera, er rekin við skólann og er henni stýrt af forstöðumanni. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fara með yfirstjórn.

Ýmsar frekari upplýsingar má finna á vefsvæði skólans. Veffangið er:
<http://www.sunnulaekjarskoli.is>.

Stefna og markmið

Stefna skólans birtist meðal annars í Grundvelli Sunnulækjarskóla sem er ætlað það hlutverk að skilgreina megin uppbyggingu stjórnskipulags skólans og daglega ákvarðanatöku í starfsemi hans.

Grundvöllur Sunnulækjarskóla

Leiðarljós starfsmanna Sunnulækjarskóla er:

- að hver nemandi skólans þroskist og dafni í námi og starfi á eigin forsendum
- að hver nemandi skólans njóti virðingar og væntumþykju
- að hver nemandi skólans öðlist sterka sjálfsmynd og áræði sem gefi honum þrek og þor og stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- að þroska með hverjum nemanda trausta siðferðiskennd sem gerir hann að hæfum og farsælum þjóðfélagsþegn
- að skapa skólasamfélag sem einkennist af samvinnu og gagnkvæmu trausti þeirra sem það mynda

Skólastefna

Í Sunnulækjarskóla stunda nemendur einstaklingsmiðað nám. Í því felst að nám hvers nemanda er aðlagð að hæfileikum hans og getu frekar en að nemendur séu flokkaðir í hópa með fyrirfram skilgreinda eiginleika.

Skólabragur

Allir kennarar sjá um að vinna markvisst með og kynna Uppeldi til ábyrgðar í sínum nemendahóp. Allir umsjónarhópar gera bekkjarsáttmála. Á þemadögum í október 2009 gerðu allir bekkir sinn **sáttmála** um samskipti sem var grunnurinn að skólasáttmála sem unnin var. Til að skapa öryggi og traust í skólasamfélaginu verðum við að hafa **skýr mörk** sem styðja við sáttmála skólans. Lærdómssamfélagið í **Sunnulækjarskóla** einkennist af **gleði, vináttu og frelsi**.

Kennarateymi

Allir kennarar skólans vinna saman í teyllum. Umsjónarkennarar innan árgangs eða samliggjandi árganga mynda kennarateymi. Kennarateymið framkvæmir og stjórnar daglegu skólastarfi tiltekinna árganga.

Hlutverk umsjónarkennara

Kennarar í kennarateyllum skipta umsjón með nemendum milli sín og eru þeir því umsjónakennarar tiltekinna nemanda með þeim skyldum sem því fylgir. Engu að síður er kennurum teymisins heimilt að skipta kennslu einstakra greina, námsþátta eða verkefna milli sín með þeim hætti sem best hentar á hverjum tíma, enda sé gætt jafnræðis og að vinnuálag skiptist með réttlátum hætti.

Hlutverk deildarstjóra

Meginhlutverk deildarstjóra er að stuðla að betri námsreynslu nemenda, skipuleggja og stýra skólastarfi og veita starfsfólki faglegan stuðning. Deildarstjórar eru millistjórnendur sem tilheyra stjórnunarteymi skólans.

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Það er stefna skólans að vinna nemenda sé með þeim hætti að framangreindum markmiðum leiðarljóssins verði náð samhliða því að unnið sé að markmiðum aðalnámskrár grunnskólans. Stjórnendur skólans trúa því að þetta verði best gert með því að skólastarfið sé sett upp með þeim hætti sem fram kemur í grundvelli skólans. Þannig munu fjölbreyttir kennsluhættir og áhersla á að koma til móts við þarfir allra nemenda gera skólanum kleift að þroska framangreinda þætti um leið og unnið er að öðrum markmiðum aðalnámskrár. Sunnulækjarskóli skilgreinir starfsemi sína í skólanámskrá sem gefin er út að hausti hvert ár. Skólanámskráin er í tveimur hlutum, skólahandbók sem geymir almennar upplýsingar um skólann og námsvísur sem skilgreina frekar starfið undir stjórn hvers kennarateymis. Skólahandbókin og námsvísar eru aðgengilegir á vef skólans. Þessi gögn er einnig hægt að nálgast á prentuðu formi á skrifstofu skólans.

Auk skólahandbókar og námsvísa er starfsmannahandbók Sunnulækjarskóla. Í henni eru einstakir vinnuferlar skilgreindir og því lýst hvernig staðið er að verki í starfi skólans. Starfsmannahandbók er uppfærð reglulega og er hverjum starfsmanni ætlað að verðveita sitt eigið eintak og viðhalda því.

3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggir á tveimur meginþáttum, annars vegar á þeim lögum og reglugerðum sem grunnskólum landsins er ætlað að starfa eftir og mætti kalla ytri ramma og hins vegar á eigin stefnu og markmiðum í skólastarfinu eða innri viðmið.

3.1 Ytri rammi og innri viðmið

Í gildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 35. og 36. grein er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt 35. grein er markmið þess að:

1. *veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,*
2. *tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,*
3. *auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
4. *tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

Í 36. grein er kveðið á um skyldur grunnskóla um að meta eigið starf en þar segir:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (Menntamálaráðuneyti 2011, bls. 29-30) er kveðið nánar á um fyrirkomulag og viðmið innra mats (sjálfsmats) grunnskóla. Þar segir m.a.:

- *Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar.*
- *Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á.*
- *Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara.*
- *Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar.*
- *Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur.*

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggist á ofangreindum ákvæðum.

Innri viðmið í sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru fyrst og fremst skólastefna skólans, grundvöllur hans og leiðarljós (sjá hér að framan) ásamt mati á árangri þeirra þróunarverkefna og markmiða sem skólinn hefur sett sér á hverjum tíma.

3.2 Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla

Á fyrsta starfsári Sunnulækjarskóla, eða í byrjun árs 2005 lagði Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands ásamt starfshópi innan skólans, mat á hvernig skólanum gengi að hrinda í framkvæmd stefnumálum sínum um sveigjanlega kennsluhætti og

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

einstaklingsmiðað nám. Niðurstöður vinnuhópsins voru birtar í skýrslunni „*Hér eru allir að hjálpa öllum*“. (Ingvar Sigurgeirsson og fl. 2005).

Næstu tvö ár var framkvæmd innra mats í Sunnulækjarskóla aðallega í höndum stjórnenda skólans sem höfðu frumkvæði að ýmsum viðhorfakönnunum ásamt því að halda til haga ýmsum þeim gögnum sem snerta mat á skólstarfinu.

Á haustmánuðum 2007 var stofnaður stýrihópur í Sunnulækjarskóla til að vinna að innra mati á starfi skólans, samkvæmt grunnskólalögum. Stýrihópurinn skoðaði mismunandi leiðir sem hægt væri að fara við innra mat á skólstarfi og velja þá sem hópnun fannst vera best til þess fallin að gefa sem gleggsta mynd af stöðu skólans og sem einnig leiddi til markvissrar umbótaáætlunar. Niðurstaðan var sú að hefjast handa við greiningu á styrkleikum og veikleikum í skólstarfinu eða því sem fólki fyndist vera vel gert og því sem mætti betur fara eða sóknarfæri.

Vorið 2008 gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum Sunnulækjarskóla og var niðurstaðan sú að sjálfsmatið væri ófullnægjandi. Vorið 2011 gerði menntamálaráðuneytið aftur úttekt á starfsemi skólans og niðurstöður ráðuneytisins liggja nú fyrir þar sem gerð er grein fyrir helstu styrkleikum skólstarfsins og einnig eru gerðar tillögur til úrbóta.

Frá haustinu 2008 hefur Guðbjörg Halldórsdóttir, kennari við Sunnulækjarskóla haft umsjón með sjálfsmatinu.

3.3 Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla

Við innra mat á skólstarfinu hafa ýmis gögn verið lögð til grundvallar, m.a. kannanir frá aðilum utan skólans, kannanir sem skólinn sjálfur hefur forgöngu um að gera, styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna skólans ásamt mati á árangri nemenda, t.d. í samræmdum prófum. Skýrsla um sjálfsmat skólans og niðurstöður þess ásamt þróunaráætlun er samin árlega og kynnt fyrir starfsmönnum skólans, skólanefnd og foreldrum. Skýrslurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Þær ytri og innri kannanir sem nú liggja til grundvallar sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru þessar:

Ytri kannanir

2012 – 2015 Nemendakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk – Skólapúlsinn.

2012 – 2015 Viðhorfakönnun meðal foreldra – Skólapúlsinn.

2012 – 2015 Viðhorfakönnun meðal starfsmanna – Skólapúlsinn.

Próf og mat á árangri nemenda

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2011 - 2014.

Innri viðmið

Styrk- og veikleikagreining var gerð meðal allra starfsmanna í apríl 2015. Í framhaldi af þeirri vinnu var starfsmönnum skipt í hópa til að fara yfir niðurstöðurnar, kortleggja helstu sóknarfæri í þróun skólans, gera tillögur að umbótum og raða þeim í forgangs röð.

Sjálfsmatsskýrsla Sunnlækjarskóla 2014 - 2015

Verkáætlun og tímasetningar

Allur veturinn	Viðhorfakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk - Skólapúlsinn
September	Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk
Mars	Viðhorfakönnun meðal foreldra - Skólapúlsinn
Apríl	Viðhorfakönnun meðal starfsmanna - Skólapúlsinn
Mái	Styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna – tillögur að umbótum
Apríl - júní	Skýrsla samin og þróunaráætlun unnin fyrir næsta/næstu skólaár
Júní	Niðurstöður sjálfsmats kynntar

3.4 Matsspurningar

Á grunni laga, reglugerða og viðmiða menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat skóla auk skólastefnu Sunnlækjarskóla, grundvelli hans og leiðarljósi, eru eftirfarandi fimm matsspurningar lagðar til grundvallar við mat á þeim gögnum sem fyrir liggja og nánar verður getið um í næstu köflum. Spurningarnar eru þessar:

- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
- Eru kennsluáferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?
- Líður nemendum vel í skólanum?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?
- Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður sjálfsmats Sunnulækjarskóla en þær byggjast á þeim gögnum sem að framan er getið. Kaflanum er skipt niður í samræmi við þær fimm matsspurningar sem lagðar eru til grundvallar. Í lok hvers undirkafla eru niðurstöður dregnar saman.


4.1. Stefna og stjórnun

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2013 - 2015.
- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2013 - 2015 .
- Styrk- og veikleikagreining starfsmanna Sunnulækjarskóla og forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2015 – 2016.

Stefna og stefnumörkun


Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2015 kemur fram að hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla sem telja sig vel upplýsta um stefnu skólans og námskrá er mun meira en hlutfall foreldra á landinu í heild og hefur aukist frá fyrra ári.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Stjórnun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorin 2013 og 2014 kemur fram að ánægja starfsmanna með stjórnun skólans er heldur meiri að meðaltali en ánægja starfsmanna á landinu öllu, hins vegar er ánægjan heldur minni í samanburði við landið vorið 2015.



Þegar borin eru saman svör kennara og annarra starfsmanna vorið 2015 sést að viðhorf kennara Sunnulækjarskóla til stjórnunar skólans er mun jákvæðara en annarra starfsmanna. Viðhorf annarra starfsmanna en kennara er marktækt lægra en gerist hjá samanburðarhópnum.




Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2015 kemur fram að þeir telja að góð stjórnun sé ein af styrkustu stöðum skólans.

Hins vegar kemur þar einnig fram að bæta þurfi upplýsingaflæði og áhersla er lögð á mikilvægi deildarfunda.

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Í vinnu starfsmanna að gerð tillagna að forgangsverkefnum skólans fyrir næsta skólaár, lögðu þeir áherslu á þætti sem snerta stjórnun og skipulag skólastarfsins, m.a. að fjölga í stjórnendateymi, fjölga deildarfundum á kostnað kennarafunda, fjölga menningarviðburðum, skipuleggja betur árvissa viðburði í skólastarfinu og að stjórnendur séu sýnilegri á kennslusvæðum.

Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins mælist ánægja foreldra með stjórnun skólans heldur meiri en ánægja foreldra á landinu öllu.



Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2015 kemur fram að menntunarstig starfsmanna er svipað í skólanum og á landinu öllu. Hins vegar er meðalaldur kennara við skólann marktækt lægri en almennt gerist.

Stefna og stjórnun – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Stefna og stefnumörkun		
<ul style="list-style-type: none"> Foreldrar sem telja sig vel upplýsta um stefnu skólans og námskrá 		
Stjórnun		
<ul style="list-style-type: none"> Góð stjórnun# 	<ul style="list-style-type: none"> Ánægja starfsmanna í heild með stjórnun skólans Ánægja foreldra með stjórnun skólans Menntunarstig starfsmanna 	<ul style="list-style-type: none"> Upplýsingaflæði# Of fáir deildarfundir# Meðalaldur kennara lágur* Hópar: Ánægja annarra starfsmanna en kennara*

*Marktækur munur

#Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


4.2. Nám og kennsla

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2013 - 2015.
- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2013 - 2015.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2012 - 2015
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk, árin 2011 – 2014.
- Styrk- og veikleikagreining starfsmanna Sunnulækjarskóla og forgangsroðun verkefna fyrir skólaárið 2015 – 2016.


Kennsla og kennsluhættir

Nokkrar spurningar í starfsmannakönnun Skólapúlsins snúa að kennsluháttum. Niðurstöður svaranna sýna að öllum bekknum er sjaldnar kennt í einu í Sunnulækjarskóla en almennt gerist og er munurinn marktækur. Einstaklingsvinna í bekk þar sem nemendur vinna sjálfstætt og hópavinna er álíka algeng og í öðrum skólum en einstaklingsmiðuð kennsla er mun algengari í Sunnulækjarskóla en að meðaltali á landinu öllu en þar kemur mikill marktækur munur fram milli skóla og lands.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Ánægja foreldra í skólanum með nám og kennslu er meiri en ánægja foreldra á landinu að meðaltali og er sá munur marktækur.




Foreldrar í Sunnulækjarskóla eru heldur ánægðari með þyngd námsefnisins en almennt gerist.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Mæling á ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemendanna kemur svipað út í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu.




Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2015 kemur í ljós að þeir telja að gæði náms og kennslu sé styrkasta stoðin í starfi Sunnulækjarskóla.

Í styrk- og veikleikagreiningunni koma hins vegar einnig fram áhyggjur af ýmsu sem varðar nám og kennslu. Má þar nefna of stóra námshópa, skort á heildstæðri stærðfræðikennslu í skólanum og of fáa tíma í list- og verkgreinum.


Í vinnu starfsmanna að gerð tillagna að forgangsverkefnum skólans fyrir næsta skólaár, lögðu þeir áherslu á nokkra þætti sem myndu bæta nám og kennslu í skólanum, m.a. að auka kennslu í list- og verkgreinum, einkum á yngsta stigi, mynda stýrihóp um heildstæða stærðfræðikennslu í 1. – 10. bekk og vanda til framboðs á valgreinum og lækjartímum.

Stoðkerfi

Í svörum foreldra kemur fram að hlutfall nemenda með sérkennslu, ánægja foreldra með sérkennsluna og tíðni sérkennslu er meiri í Sunnulækjarskóla og almennt gerist.



Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun er mun meiri í skólanum en almennt gerist á landinu en hlutfall foreldra sem eru í samstarfi um gerð einstaklingsáætlunar fyrir nemandann er svipuð í skólanum og á landinu að meðaltali.




Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna skólans vorið 2015 kemur fram að starfsmenn telja að ýmsir þættir sem varða sérkennsluna séu veikustu hliðar skólastarfsins eins og magn, gæði, mönnun og aðstaða.

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015


Í vinnu starfsmanna að forgangsroðun verkefna fyrir skólaárið 2015 – 2016 leggja þeir mesta áherslu á að huga beri betur að sérkennslunni, einkum að fjölga sérkennslutímum, að útfærsla verði markvissari og að fjölga þurfi menntuðum sérkennurum.

Hlutfall foreldra í skólanum sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu fyrir barnið sitt á skólaárinu er hærra en á landinu að meðaltali og er munurinn marktækur. Áberandi hátt hlutfall foreldra barna á elsta stigi hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu. Allir foreldrar sem fengið hafa sálfræðiþjónustu segjast ánægðir með hana á móti 86% foreldra á landinu að meðaltali.




Námsmat

Áhersla kennara í Sunnulækjarskóla á námsmat með hefðbundnum prófum er minni en kennara í öðrum skólum að eigin mati. Hins vegar er áhersla þeirra mun meiri á námsmat með öðru en hefðbundnum prófum, t.d. jafningjamati, sjálfsmati nemenda eða mati frá foreldrum.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015


Hlutfall foreldra í skólanum sem telur að hæfileg áhersla sé á hefðbundið námsmat með prófum er herra en annars staðar og einnig finnst marktækt fleiri foreldrum í Sunnulækjarskóla hæfileg áhersla lögð á annað námsmat en hefðbundin próf en á landinu að meðaltali.




Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu

Skólapúlsinn mælir virkni nemenda í skólanum og viðhorf þeirra til ýmissa þátta námsins.


Ánægja af lestri mælist nú marktækt minni í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu.




Þrautseigja í námi mælist svipuð í skólanum og á landsvísu.




Áhugi á stærðfræði mælist svipaður í skólanum og á landinu öllu að meðaltali.



Ánægja af náttúrufræði mælist marktækt minni í skólanum en á landinu öllu að meðaltali




Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi er heldur minni en á landinu öllu að meðaltali og telst munurinn marktækur.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Trú nemenda á eigin námsgetu er svipuð og almennt gerist á landinu.



Virgni nemenda í skólanum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir m.a. að ánægja af lestri, ánægja af náttúrufræði og trú á eigin vinnubrögð í námi er minni en á landinu öllu að meðaltali.


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eda marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eda marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

	Allir	Strákarnir	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Ánægja af lestri	0,5*	0,4*	0,4*		0,5*	0,7*	0,8*	
Þrautseigja í námi								
Áhugi á stærðfræði						0,6*		
Ánægja af náttúrufræði	0,5*	0,5*	0,4*				0,8*	
Trú á eigin vinnubrögð í námi	0,3*	0,5*					0,7*	
Trú á eigin námsgetu		0,3*	0,5*	0,6*				


*Marktækur munur

Heimanám

Hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla sem finnst heimavinna barnsins hæfileg er hærra en hlutfall foreldra almennt á landinu.




Sá tími sem kennarar Sunnulækjarskóla ætlast til að nemendur verji í heimavinnu á viku er marktækt lægri en almennt gerist á landinu, einkum á yngsta- og miðstigi.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Í Skólapúlsinum er spurt um mikilvægi heimavinnu og nemendur spurðir hvort þeir klári heimavinnuna á réttum tíma, hvort kennararnir fari yfir heimvinnuna, hvort þeir fái heimaverkefni sem þeim finnst áhugaverð og hvort heimavinna sé hluti af lokaeinkunn. Svör nemenda skólans eru svipuð og nemenda á landinu almennt. Hins vegar virðast strákar og nemendur í 9. bekk telja mikilvægi heimavinnu lítið í náminu.



Aðstaða nemenda og námsumhverfi

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum var marktækt meiri en ánægja foreldra á landinu að meðaltali en nú er hún nánast sú sama og almennt gerist á landinu. Með aðstöðu er átt við frímínútur, matartíma, tómsundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list- og verkgreinar, íþróttaaðstöðu og ástand húsnæðis.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015


Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna skólans vorið 2015 kemur fram að starfsmenn telja að aðstaða nemenda til náms sé ein af veikustu hliðum skólastarfsins, þar er einkum átt við slakan tækjakost og þrengsli. Starfsmenn hafa einnig áhyggjur af of stórum nemendahópum.

Í vinnu starfsmanna að gerð tillagna að forgangsverkefnum skólans fyrir næsta skólaár, lögðu þeir áherslu á ýmsa þætti sem snerta tæknimál, m.a. að ráða umsjónarmann með tæknimálum og fjölga tölvum og skjávörpum.

Námsárangur – samræmd próf


Meðaltal námsárangurs nemenda í Sunnulækjarskóla í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk ásamt samanburðartölum frá Suðurlandi og landinu í heild sinni frá árinu 2011 er sýnd í eftirfarandi töflum:

Útkoma í stærðfræði í 4. bekk var góð árin 2011 - 2012 en þá var hún betri en bæði Suðurlandsmeðaltalið og landsmeðaltalið. Árið 2013 var útkoman svipuð Suðurlands og landsmeðaltali en haustið 2014 var útkoman hins vegar lakari í Sunnulækjarskóla en bæði á Suðurlandi og á landinu öllu að meðaltali.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Útkoma í íslensku í 4. bekk hefur einnig verið nokkuð góð undanfarin ár en haustið 2014 var hún betri í Sunnulækjarskóla en bæði á Suðurlandi og á landinu í heild að meðaltali.




Útkoma í stærðfræði í 7. bekk hefur verið slök undanfarin ár en þó sérstaklega haustið 2014 en þá vék hún verulega frá Suðurlands og landsmeðaltalinu.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Útkoman í íslensku í 7. bekk hefur einnig verið slök undanfarin ár og haustið 2014 vókur hún mikið frá meðaltalinu á Suðurlandi og á landinu í heild.




Árangur í stærðfræði í 10. bekk í Sunnulækjarskóla hefur verið lakari en á Suðurlandi og á landinu í heild undanfarin ár fyrir utan haustið 2013 en þá var útkoman hærri en Suðurlandsmeðaltalið og jöfn landsmeðaltalinu.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Árangur í íslensku í 10. bekk í Sunnulækjarskóla hefur verið góður undanfarin ár að haustinu 2012 undanskildu. Árin 2013 og 2014 er árangurinn betri en bæði á Suðurlandi og á landinu öllu að meðaltali.




Niðurstaða samræmdra prófa í ensku í 10. bekk Sunnulækjarskóla er betri haustið 2014 en hún hefur áður verið, hærri en á Suðurlandi og svipuð landsmeðaltalinu.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Niðurstöður samræmdra prófa í Sunnulækjarskóla haustið 2014 sjást hér í heild sinni.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Nám og kennsla – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Kennsla og kennsluhættir		
<ul style="list-style-type: none"> • Öllum bekknum er sjaldan kennt í einu* • Einstaklingsmiðuð kennsla* • Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum* • Gæði náms og kennslu# <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Öllum bekknum er sjaldan kennt í einu á yngsta og miðstigi* • Einstaklingsmiðuð kennsla á yngsta og miðstigi* • Ánægja foreldra stráka og nemenda á yngsta stigi með nám og kennslu í skólanum* 	<ul style="list-style-type: none"> • Einstaklingsvinna í bekk • Hópavinna í bekk • Ánægja foreldra með þyngd námsefnis • Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda 	<ul style="list-style-type: none"> • Of stórir nemendahópar# • Vantar heildstæða stefnu í stærðfræðikennslu# • Of fáir tímar í list- og verkgreinum#
Stoðkerfi		
<ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu • Ánægja foreldra með sérkennsluna • Tíðni sérkennslu • Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun • Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðipjónustu* • Ánægja foreldra með sálfræðipjónustu <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall stráka og nemenda á elsta stigi sem fá sérkennslu* • Hlutfall foreldra nemenda á elsta stigi sem hafa óskað eftir sálfræðipjónustu* 	<ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall foreldra í samstarfi um gerð einstaklingsáætlunar 	<ul style="list-style-type: none"> • Huga að gæðum, mönnun, skipulagi og framkvæmd sérkennslu#
Námsmat		
<ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall kennara sem leggja áherslu á annað námsmat en próf • Hæfileg áhersla á hefðbundið námsmat með prófum að mati foreldra • Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf að mati foreldra* 		<ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall kennara sem leggja áherslu á hefðbundið námsmat

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu		
<u>Hópar:</u> <ul style="list-style-type: none"> • Trú stelpna á eigin námsgetu* • Trú nemenda í 6. bekk á eigin námsgetu* 	<ul style="list-style-type: none"> • Þrautseigja í námi • Áhugi á stærðfræði • Trú nemenda á eigin námsgetu 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja af lestri* • Ánægja af náttúrufræði* • Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi* <u>Hópar:</u> <ul style="list-style-type: none"> • Ánægja af lestri í 7., 8. og 9. bekk* • Áhugi á stærðfræði í 8. bekk* • Ánægja af náttúrufræði í 9. bekk* • Trú stráka á eigin vinnubrögð í námi* • Trú nemenda í 9. bekk á eigin vinnubrögð í námi • Trú stráka á eigin námsgetu*
Heimanám		
<ul style="list-style-type: none"> • Hæfileg heimavinna að mati foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> • Mikilvægi heimavinnu í náminu að mati nemenda 	<ul style="list-style-type: none"> • Tími heimavinnu á viku* <u>Hópar:</u> <ul style="list-style-type: none"> • Tími heimavinnu á viku á yngsta- og miðstigi* • Mikilvægi heimanáms hjá strákum og nemendum í 9. bekk*
Aðstaða nemenda og námsumhverfi		
	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum 	<ul style="list-style-type: none"> • Tölvukostur og tækniúnaður# • Of stórir nemendahópar# • Þrengsli#
Námsárangur		
<ul style="list-style-type: none"> • Íslenska í 4. bekk • Íslenska í 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> • Enska í 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> • Stærðfræði í 4. bekk • Stærðfræði í 7. bekk • Íslenska í 7. bekk • Stærðfræði í 10. bekk

* Marktækur munur #Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


4.3. Líðan nemenda

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2013 - 2015.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2012 – 2015.
- Styrk- og veikleikagreining starfsmanna Sunnulækjarskóla og forgangsroðun verkefna fyrir skólaárið 2015 – 2016.

Líðan nemenda í skólanum


Almennt líður nemendum vel í skóla að mati foreldra. Ánægja foreldra með líðan barna sinna í Sunnulækjarskóla er svipuð og foreldra á landinu að meðaltali.



Líðan nemenda í kennslustundum er er einnig góð og er svipuð og gerist á landinu.


Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Hins vegar er líðan nemenda í frímínútum marktækt verri að mati foreldra heldur en gerist annars staðar á landinu að meðaltali, einkum á yngsta og miðstigi.




Í Skólapúlslinum er spurt um ýmsa þætti sem snerta líðan og heilsu nemenda eins og sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði.

Svör nemenda í Skólapúlslinum sýna að sjálfsálit mælist svipað og hjá samanburðarhópnum.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi er einnig svipuð og trú nemenda á landsvísu.



Velliðan mælist svipuð meðal nemenda í Sunnulækjarskóla og meðal nemenda á landsvísu.



Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2015 kemur fram að góð líðan nemenda er sá þáttur í starfinu sem kennarar eru einna ánægðastir með. Þá kemur einnig fram að starfsmenn eru ánægðir með hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar.

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir að sjálfsálit stúlkna í skólanum og vellíðan nemenda í 6. bekk er marktækt meiri en á landinu öllu að meðaltali


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítil.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Sjálfsálit			0,5*					
Stjórn á eigin lífi								
Vellíðan				0,4*				

*Marktækur munur


Einelti

Umfang eineltis hefur aukist í Sunnulækjarskóla eins og í skólum annars staðar á landinu að meðaltali að mati foreldra. Hér er um marktækan mun að ræða.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnuækjarskóla 2014 - 2015

Foreldrar í skólanum eru mun ánægðari en foreldrar á landsvísu með úrvinnslu skólans í eineltismálum og eineltisáætlun skólans. Ánægja þeirra með hraða á úrvinnslu eineltismála er marktækt meiri en á landsvísu.




Hins vegar er tíðni eineltis svipuð í skólanum og á landsvísu að mati nemenda.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Samkvæmt svörum foreldra í Sunnulækjarskóla og á landinu á einelti sér oftast stað í frímínútum á skólalóð. Hins vegar virðist einelti vera algengara í Sunnulækjarskóla í frímínútum innandyra, í kennslustundum og í búningssklefum en almennt er á landinu en fátíðara í íþróttatímum og á leið til og frá skóla.



Hins vegar er ekki samhljómur með svörum nemenda og foreldra þegar spurt er um hvar einelti eigi sér helst stað. Samkvæmt svörum nemenda er einelti minna í skólanum en á landinu að meðaltali á öllum ofangreindum stöðum nema á netinu eða í GSM. Skýringarinnar á muni svara foreldra og nemenda getur verið að leita í því að að Skólaláttinn mælir aðeins svör nemenda í 6. – 10. bekk en ekki nemenda sem yngri eru.

Einelti – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og jafnaldra þeirra á landsvísi sýnir að einelti meðal stráka í skólanum er marktækt minna en á landinu að meðaltali.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eda marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eda marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Einelti		0,4*						


*Marktækur munur

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Heilsa nemenda

Tvær mælingar eru gerðar í Skólapúlsinum skólaárið sem varða heilsu nemenda. Annars vegar vegar er spurt um hreyfingu og hins vegar um mataræði.

Enginn munur kemur fram á nemendum í Sunnulækjarskóla og nemendum almennt á landinu varðandi mataræði en hins vegar hreyfa þeir sig marktækt minna samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins.



Heilsa nemenda – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og jafnaldrar þeirra á landsvísi sýnir að nemendur almennt í skólanum, strákar og nemendur í 7. bekk hreyfa sig marktækt minna en samanburðarhópurinn, einnig virðast nemendur í 9. bekk hreyfa sig minna en jafnaldrar þeirra þó sá munur mælist ekki marktækur. Þá er mataræði nemenda í 10. bekk skólans marktækt lakara en almennt gerist á landinu.


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hreyfing	0,8*	1,1*			1,9*		1,1	
Mataræði								0,7*

*Marktækur munur


Skóla- og bekkjarandi

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er svipuð og ánægja foreldra í öðrum skólum.




Samsömun nemenda við nemendahópinn er könnuð í Skólapúlsinum og er meðal annars spurt um hvort þeim líði eins og þeir séu skildir útundan, eigi auðvelt með að eignast vini, tilheyri hópnum, passi ekki við hina, hvort öðrum líki vel við þá og hvort þeir séu einmana.

Samsömun nemenda við nemendahópinn er svipuð hjá nemendum í Sunnulækjarskóla að meðaltali og hjá öðrum nemendum sem taka þátt í Skólapúlsinum.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Skólapúlsinn kannar viðhorf nemenda til sambands þeirra við kennara og spyr hvort nemendum semji vel við flesta kennara, hvort kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel, hvort þeir hlusti vel á það sem þeir hafa að segja, veiti auka aðstoð ef þarf og séu sanngjarnir. Viðhorf nemenda í Sunnulækjarskóla til sambands þeirra við kennara er svipað að meðaltali og jafnaldra þeirra.



Styrk- og veikleikagreining starfsmanna vorið 2015 leiðir í ljós að góður skóla- og bekkjarandi sé einn af þeim þáttum sem þeir eru ánægðastir með.

Skóla- og bekkjarandi – samanburður milli kynja og árganga


Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og jafnaldra þeirra á landsvísi sýnir að nemendur í 10. bekk samsama sig marktækt minna við nemenda hópinn en samanburðarhópurinn. Stelpur í skólanum og nemendur í 7. bekk eiga í betra sambandi við kennara en almennt gerist en nemendur í 9. bekk eiga í lakara sambandi við kennarana og er munurinn marktækur í öllum tilvikum.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.


	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Samsömun við nemendahópinn								0,7*
Samband nemenda við kennara			0,3*		0,7*		0,6*	

Agi

Heldur stærra hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla en foreldra almennt á landinu telja aga í skólanum hæfilegan.



Miðað við niðurstöður úr svörum nemenda í Skólapúlsinum er agi í tímum svipaður í Sunnulækjarskóla og í öðrum skólum að meðaltali.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Agi í tímum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir að nemendur í 6. og 7. bekk eru marktækt ánægðari með aga í tímum og samanburðarhópurinn en nemendur í 8. bekk eru marktækt óánægðari.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Agi í tímum				0,7*	0,5*	0,6*		


Styrk- og veikleikagreining starfsmanna skólans vorið 2015 sýnir að starfsfólk telur að nokkra þætti þurfi að vinna betur varðandi agamál, m.a. að samræma þurfi reglur milli aldursstiga og að þær séu skýrar og að allir séu samtaka við að framfylgja þeim.

Í vinnu starfsmanna að forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2015 – 2016 leggja þeir nokkra áherslu á agamál, einkum að reglur þurfi að vera skýrar og vel kynntar og að gæta þurfi að samræmi sé á milli aldursstiga.

Virk þátttaka nemenda í tímum

Í Skólapúlsinum er einnig mæld virk þátttaka nemenda í tímum en þá er spurt um hvort nemendur fái tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar, tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri, hvort haldnar séu kappræður eða skipulagðar umræður og hvort þeir ræði saman um námsefnið.

Öll þrjú skólaárin mælist virk þátttaka nemenda í Sunnulækjarskóla í tímum svipuð og hjá samanburðarhópnum.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Virk þátttaka í tímum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir að virk þátttaka í tímum er marktækt meiri í 7. bekk og marktækt minni í 8. og 10. bekk en hjá samanburðarhópunum.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Virk þátttaka í tímum					0,8*	0,6*		1,3

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Líðan nemenda – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Líðan nemenda í skólanum		
<ul style="list-style-type: none"> Góð líðan nemenda# Uppeldi til ábyrgðar# Einelteisáætlun skólans að mati foreldra Úrvinnsla skólans í eineltismálum að mati foreldra Hraði á úrvinnslu eineltismála að mati foreldra* Tíðni eineltis í íþróttatímum og á leið til og frá skóla að mati foreldra <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Sjálfsálit stelpna* Vellíðan nemenda í 6. bekk* Minna einelti meðal stráka í skólanum en á landinu 	<ul style="list-style-type: none"> Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra Sjálfsálit nemenda Trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi Vellíðan nemenda að eigin álit Tíðni eineltis að mati nemenda Tíðni eineltis í frímínútum á skólalóð, í hádegisstund og á netinu að mati foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> Líðan nemenda í frímínútum* Umfang eineltis að mati foreldra* Tíðni eineltis í frímínútum innandyra, í kennslustundum og í búningaklefum að mati foreldra <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Líðan nemenda á yngsta og miðstigi í frímínútum*
Heilsa nemenda		
	<ul style="list-style-type: none"> Mataræði nemenda 	<ul style="list-style-type: none"> Hreyfing nemenda* <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Hreyfing stráka* Hreyfing nemenda í 7. bekk* Hreyfing nemenda í 9. bekk Mataræði nemenda í 10. bekk*
Skóla- og bekkjarandi		
<ul style="list-style-type: none"> Góður skóla og bekkjarandi# <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Samband stelpna við kennara* Samband nemenda í 7. bekk við kennara* Agi í tímum í 6. og 7. bekk* Virk þátttaka nemenda í tímum í 7. bekk* 	<ul style="list-style-type: none"> Samskipti starfsfólks við nemendur að mati foreldra Samsömun við nemendahópinn Samband nemenda við kennara Agi í skólanum hæfilegur að mati foreldra Agi í tímum að mati nemenda Virk þátttaka nemenda í tímum 	<ul style="list-style-type: none"> Samræma reglur milli aldursstiga og að allir séu samtaka í að fylgja þeim# <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Samsömun við nemendahópinn í 10. bekk* Samband nemenda í 9. bekk við kennara* Agi í tímum í 8. bekk* Virk þátttaka í tímum í 8. bekk* Virk þátttaka í tímum í 10. bekk

* Marktækur munur

#Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


4.4. Starfsánægja starfsmanna

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2013 - 2015.
- Styrk- og veikleikagreining starfsmanna Sunnulækjarskóla og forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2015 – 2016.


Aðgengi að upplýsingum og sérfræðibjónustu

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2013 og 2014 kemur fram að ánægja starfsmanna með upplýsingastreymi innan skólans er svipuð og ánægja starfsmanna í öðrum skólum að meðaltali. Vorið 2015 mælist ánægja starfsmanna skólans hins vegar marktækt minni en ánægja starfsmanna í öðrum skólum.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Þegar svör kennara og annarra starfsmanna skólans eru borin saman sést að óánægja annarra starfsmanna er meiri en kennara með upplýsingastreymi skólans.



Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna skólans vorið 2015 kemur fram að starfsfólk telur að upplýsingaflæði þurfi að auka.

Stuðningur við kennara skólans vegna nemenda með námserfiðleika og stuðningur vegna nemenda með hegðunarerfiðleika er minni en almennt gerist á landinu. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara mælist marktækt minni en hjá samanburðarhópnum.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Stuðningur við kennara – samanburður milli stiga

Samanburður á svörum kennara á yngsta, mið- og elsta stigi í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og svörum kennara á samsvarandi aldurstigum á landinu:


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítil.

Þættir	Allir	Yngsta stíg	Miðstíg	Elsta stíg
Stuðningur við kennara v. nemenda með námsörðugleika		1,1*		1,0*
Stuðningur við kennara v. hegðunarörðugleika nemenda		1,1*		
Faglegur stuðningur skólustjóra við kennara	0,8*	1,2*		1,3*

*Marktækur munur

Ábyrgð og áskoranir í starfi

Samkvæmt Skólapúlsinum er lýðræðisleg dreifing valds eða þátttaka starfsfólks í umræðum og ákvörðunum svipuð og almennt gerist. Það sama er að segja um virka samvinnu um skólaþróun og umbætur en þar liggja að baki svör starfsmanna um samskipti starfsfólks um aukna þekkingu, mikilvægi skólaþróunar, frumkvæði að endurmenntun, lausnir á mismunandi þörfum nemenda, úrbætur á náminu og tækifæri til að miðla af reynslu.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Ábyrgð og áskoranir í starfi – samanburður milli stiga

Samanburður á svörum kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og svörum kennara á samsvarandi aldurstigum á landinu:


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

Þættir	Allir	Yngsta stíg	Miðstíg	Elsta stíg
Valddreifing við ákvarðanatöku		1,0*		
Virk samvinna um skólaþróun og umbætur		0,7*		

*Marktækur munur


Samvinna og teymisvinna

Í könnun Skólapúlsins er spurt hvar kennarar undirbúi kennsluna. Um 71% kennara skólans undirbúa kennsluna eingöngu eða aðallega í skólanum en 65% kennara í öðrum skólum.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Þá eru kennarar spurðir um ýmislegt sem varðar samráð um kennsluna eins og samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundir, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Samkvæmt niðurstöðum úr þessum spurningum hafa kennarar skólans marktækt meiri samráð um kennsluna en kennarar annarra skóla að meðaltali.



Að síðustu eru kennarar spurðir um þætti sem snerta samvinnu um kennslu eins og tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara. Í þeim þáttum koma kennarar skólans svipað út og kennarar á landinu öllu.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Samvinna og teymisvinna – samanburður milli stiga

Samanburður á svörum kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og svörum kennara á samsvarandi aldurstigum á landinu:

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.


Þættir	Allir	Yngsta stíg	Miðstíg	Elsta stíg
Undirbúningur kennslu í skólanum			1,6	
Samráð um kennslu	0,9*	1,6*		0,9*
Samvinna um kennslu				

*Marktækur munur

Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2015 kemur fram að samvinna kennara og teymisvinna er sá þáttur í starfinu sem kennarar eru einna ánægðastir með.


Starfsaðstaður

Í starfsmannakönnun Skólapulssins 2015 er spurt um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi. Niðurstöður þeirra spurninga sýna að starfsmenn skólans eru óánægðari með þessa þætti en starfsmann í öðrum skólum að meðaltali og er munurinn marktækur.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Þá eru kennarar spurðir um vinnuaðstæður sínar og aðgengi að búnaði og kennsluefni. Kennarar í Sunnulækjarskóla eru óánægðari með vinnuaðstæður sínar en kennarar í öðrum skólum að meðaltali og er munurinn marktækur.



Starfsaðstæður – samanburður milli stiga

Samanburður á svörum kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og svörum kennara á samsvarandi aldurstigum á landinu:

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítil.

Þættir	Allir	Yngsta stíg	Miðstíg	Elsta stíg
Vinnuaðstæður kennara	0,9*	1,2*		0,9*

*Marktækur munur


Styrk- og veikleikagreining starfsmanna skólans vorið 2015 sýnir einnig að starfsfólk er óánægt með vinnuaðstæður sínar, m.a. þrengsli, aðstöðuleysi og ýmislegt varðandi tæknimál.

Í vinnu starfsmanna að forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2015 – 2016 kemur fram að eitt af verkefnum næsta skólaárs að mati þeirra sé að bæta tölvu- og tækjakost skólans.


Þá kemur í ljós að starfsmenn Seturs, sérdeildar Suðurlands leggja höfuðáherslu á að bæta vinnuumhverfi starfsmanna og nemenda í sérdeildinni, bæði með meira rými og stóruknum tölvukosti.

Starfsbróun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins eru kennarar beðnir um að meta færni sína, árangur í starfi og samskipti sín við aðra kennara. Trú kennara skólans á eigin getu er samkvæmt niðurstöðum þessara spurninga heldur meiri en trú kennara annars staðar á landinu.




Þá eru kennarar spurðir hvort þeir fái mat og endurgjöf árlega eða oftár, frá skólastjórnendum, öðrum kennurum eða frá utanaðkomandi aðilum. Umfang mats og endurgjafar er ívið meira í skólanum en almennt gerist.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Þá kemur fram að marktækt færri kennarar í skólanum telja að þeir fái hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum en kennarar almennt á landinu. Sanngirni mats og endurgjafar og gagnsemi þess mælist minni og annars staðar á landinu en munur á þeim þáttum telst ekki marktækur.




Í starfsmannakönnuninni eru kennarar spurðir um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ýmsum sviðum, eins og á aðalnámskrá, námsmati, skipulagningu kennslustunda, aðalnámssgrein þeirra, nýjungum í kennslufræði, upplýsinga- og samskiptatækni, nemendum með sérþarfir, hegðunar- og agamálum, fjölmenningsarumhverfi, ráðgjöf til nemenda og foreldrasamstarfi. Kennarar skólans telja þörf sína fyrir símenntun vera svipaða og almennt gerist á landinu.



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Hins vegar sýna niðurstöður að kennarar skólans hefðu viljað taka þátt í meiri símenntun undanfarna 18 mánuði en kennarar annars staðar á landinu.



Þá kemur fram að meðalfjöldi daga í símenntun er heldur minni í Sunnulækjarskóla en á landinu að meðaltali eða 9,5 dagar á móti 11,8 dögum.

Starfsþróun – samanburður milli stiga

Samanburður á svörum kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og svörum kennara á samsvarandi aldurstigum á landinu:


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítil.

Þættir	Allir	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Trú kennara á eigin getu			1,3*	
Umfang mats og endurgjafar		1,1	2,9	1,0
Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum	1,5*	2,6		2,2
Sanngirni mats og endurgjafar	0,7*	2,9*		
Gagnsemi mats og endurgjafar		3,8*	1,1	
Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár	2,3	5,5	3,0	6,3
Símenntunarpörf kennara				
Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun	1,1	2,1		


*Marktækur munur

Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar

Starfsmannakönnun Skólapúlsins kannar ýmsa þætti sem snerta starfsánægju, m.a. tilgang starfsins, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og hvort starfsmenn hugsi sér að vera áfram í starfinu. Viðhorf starfsmanna skólans eru svipuð og viðhorf starfsmanna í öðrum skólum.



Starfsandinn innan skólans; samvinna, jafnræði, ímynd og móttaka nýliða er einnig svipaður og almennt gerist.




Athygli vekur að á bæði starfsánægja og starfsandi minnkar á milli ára en á báðum þessum þáttum eru kennarar ánægðari en aðrir starfsmenn.

Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2015 kemur fram að starfsandi á vinnustað er einn af þeim þáttum sem starfsmenn eru ánægðir með. Hins vegar kemur einnig fram að

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

starfsfólk telur að starfsandi sé ekki eins góður og hann hafi verið og vart verði aukinnar stéttaskiptingar.

Ánægja með kennarastarfið er svipuð meðal kennara skólans og meðal kennara í öðrum skólum samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunarinnar.



Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar – samanburður milli stiga

Samanburður á svörum kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2014 – 2015 og svörum kennara á samsvarandi aldurstigum á landinu:

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

Þættir	Allir	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
Starfsánægja í skólanum				
Starfsandi innan skólans				
Ánægja með kennarastarfið		1,4*		0,9*

*Marktækur munur

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Starfsánægja starfsmanna – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiaðstoð		
	<ul style="list-style-type: none"> • Stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarerfiðleika 	<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingastreymi*# • Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika • Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara* <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika á yngsta og elsta stigi* • Stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarerfiðleika á yngsta og elsta stigi* • Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara á yngsta og elsta stigi*
Ábyrgð og áskoranir í starfi		
	<ul style="list-style-type: none"> • Valddreifing við ákvarðanatöku • Virk samvinna um skólaþróun og umbætur 	<p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Valddreifing við ákvarðanatöku á yngsta stigi* • Virk samvinna um skólaþróun og umbætur á yngsta stigi*
Samvinna og teymisvinna		
<ul style="list-style-type: none"> • Undirbúningur kennslu í skólanum • Samráð kennara um kennsluna (<i>val á kennslugögnum, samnýting kennslu-efnis, teymisfundir, matsaðferðir og námsframvinda nemenda</i>)* • Ánægja kennara með samvinnu og teymisvinnu# <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Undirbúningur kennslu í skólanum á miðstigi • Samráð kennara um kennsluna á yngsta og elsta stigi* 	<ul style="list-style-type: none"> • Samvinna kennara um kennsluna (<i>tenging námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra</i>) 	

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Starfsaðstæður		
		<ul style="list-style-type: none"> Starfsaðstæður í skólanum (allir starfsmenn), (<i>aðstaða, sveigjanleiki og álag í starfi</i>)* Vinnuaðstæður kennara og aðgengi að búnaði og kennsluefni* Þrengsli og aðstöðuleysi# Skortur á tölvum og tæknibúnaði að mati starfsmanna# Þrengsli í Setri# Skortur á tölvum í Setri# <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Vinnuaðstæður kennara og aðgengi að búnaði og kennsluefni á yngsta og elsta stigi*
Starfspróun		
<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Trú kennara á eigin getu á miðstigi* Umfang mats og endurgjafar á störfum kennara á miðstigi Gagnsemi mats og endurgjafar á miðstigi Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði á yngsta stigi 	<ul style="list-style-type: none"> Trú kennara á eigin getu Umfang mats og endurgjafar á störfum kennara Símenntunarþörf kennara Meðalfjöldi daga í símenntun 	<ul style="list-style-type: none"> Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum á störfum kennara* Sanngirni mats og endurgjafar Gagnsemi mats og endurgjafar <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Umfang mats og endurgjafar á störfum kennara á yngsta og elsta stigi Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum á störfum kennara á yngsta og elsta stigi Sanngirni mats og endurgjafar á yngsta stigi* Gagnsemi mats og endurgjafar á yngsta stigi*
Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar		
<ul style="list-style-type: none"> Starfsandi á vinnustað# <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Ánægja með kennarastarfið á elsta stigi* 	<ul style="list-style-type: none"> Starfsánægja – allt starfsfólk (<i>tilgangur starfs, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og framtíð í starfi</i>) Starfsandi – allt starfsfólk (<i>samvinna, jafnræði, ímynd og móttaka nýliða</i>) Ánægja kennara með kennarastarfið 	<ul style="list-style-type: none"> Starfsandi ekki eins góður og áður – aukin stéttaskipting# <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Ánægja með kennarastarfið á yngsta stigi*

* Marktækur munur

#Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


4.5. Samvinna heimila og skóla

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2013 - 2015.
- Styrk- og veikleikagreining starfsmanna Sunnulækjarskóla og forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2014 – 2015.


Upplýsingagjöf

Samkvæmt starfsmannakönnun Skólapúlsins er upplýsingamiðlun til foreldra eða tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda á svipuðum nótum og almennt gerist.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Þá kemur fram að foreldrar í skólanum eru heldur ánægðari með gagnsemi heimasíðu skólans en foreldrar á landsvísu.




Samvinna og samskipti við starfsmenn

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins er frumkvæði kennara skólans að foreldrasamstarfi marktækt meira en í öðrum skólum að meðaltali.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Ánægja foreldra með foreldraviðtölin eru ívið meiri í Sunnulækjarskóla en á landinu í heild.




Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið

Áhrif foreldra á ákvarðanir sem varða nemendur er marktækt meiri í Sunnulækjarskóla en almennt gerist.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Í foreldrakönnuninni kemur fram að þeir foreldrar í skólanum sem hafa einu sinni eða oftari tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu, t.d. við að setja markmið um heimanám eða námsrángur eru marktækt færri en í öðrum skólum að meðaltali. Hins vegar virðist foreldrum barna í skólanum þykja þátttaka í gerð námsáætlana jafn mikilvæg og foreldrum þykir almennt.




Heimastuðningur

Sá tími sem foreldrar nemenda í skólanum verja til að aðstoða þá við heimanám er minni en í skólum á landinu að meðaltali.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Mæling á virgni foreldra í námi barna sinna sýnir marktækan mun á virkni foreldra barna í skólanum og foreldra almennt að meðaltali.




Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið og vilji nemenda til að leita eftir aðstoð foreldra sinna er svipuð og annars staðar á landinu.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns eru minni en væntingar foreldra annars staðar á landinu. Um 63% foreldra barna í Sunnulækjarskóla hafa væntingar um að barnið ljúki háskólanámi á móti 78% foreldra á landinu öllu að meðaltali og er munurinn marktækur.




Þjónusta við nemendur og foreldra

Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu / frístundaheimili er svipuð og almennt gerist.




Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Hins vegar er hlutfall foreldra sem nýta sér þjónustuna lægri í Sunnulækjarskóla en annars staðar á landinu að meðaltali. Þó hefur munurinn minnkað á milli skólaára.



Notkun á mótuneyti og ánægja foreldra með máltíðirnar eru mun meiri en almennt gerist og er munurinn marktækur milli skóla og lands. Þá



Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Samvinna heimila og skóla - samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
Upplýsingagjöf		
	<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingamiðlun til foreldra • Ánægja foreldra með heimasíðu skólans 	
Samvinna og samskipti við starfsmenn		
<ul style="list-style-type: none"> • Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi að mati foreldra* 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með foreldraviðtöl 	
Virgni og áhrif foreldra á skólastarfið		
<ul style="list-style-type: none"> • Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur* 	<ul style="list-style-type: none"> • Mikilvægi þátttöku í gerð námsáætlana að mati foreldra • Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> • Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana*
Heimastuðningur		
	<ul style="list-style-type: none"> • Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið • Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu 	<ul style="list-style-type: none"> • Virgni foreldra í námi barna sinna* • Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám • Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns*
Þjónusta		
<ul style="list-style-type: none"> • Notkun á mötuneyti * • Ánægja með máltíðir í mötuneyti * 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu / frístundaheimili 	<ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall nemenda í tómsunda/frístundaheimili

* Marktækur munur

4.6. Listi yfir helstu niðurstöður

Mesti marktæki munur úr viðhorfakönnunum Skólapúlsins

Jákvæður munur				
Könnun	Þættir	Skóli	Land	Mis- munur
Kennarar	Einstaklingsmiðuð kennsla	7,1	4,8	+ 2,3
Foreldrar	Ánægja með máltíðir í mötuneyti	9,2	7,4	+ 1,8
Foreldrar	Hraði úrvinnslu á eineltismálum	7,6	5,9	+ 1,7
Foreldrar	Notkun á mötuneyti	9,8	8,6	+ 1,2
Kennarar	Samráð um kennslu	5,9	5,0	+ 0,9
Foreldrar	Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	6,4	5,6	+ 0,8
Foreldrar	Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf	8,5	7,7	+ 0,8
Foreldrar	Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,5	5,0	+ 0,5
Foreldrar	Ánægja með nám og kennslu í skólanum	5,6	5,2	+ 0,4
Neikvæður munur				
Könnun	Þættir	Skóli	Land	Mis- munur
Foreldrar	Væntingar foreldra um menntunarstig barns þeirra	6,3	7,8	- 1,5
Kennarar	Hæfilegt mat og endurgjöf	3,3	4,8	- 1,5
Foreldrar	Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana með nemanda	4,0	5,4	- 1,4
Foreldrar	Umfang eineltis	2,9	1,7	- 1,2
Kennarar	Vinnuaðstæður kennara	4,3	5,2	- 0,9
Foreldrar	Líðan nemenda í frímínútum	8,0	8,9	- 0,9
Kennarar	Faglegur stuðningur skólustjóra	4,2	5,0	- 0,8
Nemendur	Hreyfing nemenda	6,3	7,1	- 0,8
Nemendur	Ánægja af lestri	4,6	5,1	- 0,5
Nemendur	Ánægja af náttúrufræði	4,4	4,9	- 0,5

Helstu niðurstöður úr styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna

Sterkustu hliðarnar	Veikustu hliðarnar
Nám, kennsla og kennsluhættir	Sérkennsla
Samvinna – teymisvinna	Stjórnun
Stjórnun	Aðstaða nemenda til náms
Starfsandi	Vinnuaðstæður starfsfólks
Vinnubrögð	Agi / skólareglur
Líðan nemenda	List- og verkgreinar
Uppeldi til ábyrgðar	Upplýsingaflæði
Skóla- og bekkjarandi	Nám, kennsla og kennsluhættir
Viðhorf foreldra til skólans	Starfsandi

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

Forgangsverkefni Sunnulækjarskóla, skólaárið 2015 – 2016 að mati starfsmanna

Sérkennsla	<p><u>Magn</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Auka sérkennslu og skapa fleiri úrræði fyrir nemendur sem þurfa á henni að halda <p><u>Gæði - útfærsla</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Huga að skipulagi, ábyrgð með sérkennslunemendum og faglegri úthlutun sérkennslutíma <p><u>Mönnun</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjölga menntuðum sérkennurum
Stjórnun /skipulag	<p><u>Stjórnendur</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjölga í stjórnendateymi - deildarstjóra á miðstig • Fagstjóra yfir stigin í íslensku, stærðfræði og ensku • Skýrari verkaskiptingu meðal stjórnenda • Stjórnendur (skólastjóri og aðstoðarskólastjóri) ekki nógu sýnilegir <p><u>Fundir</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Þrjá deildarfundi á móti einum kennarafundi • Halda betur utan um stuðningsfulltrúa og skapa betra rými til teymisfunda með þeim <p><u>Menning í skólanum og skipulag á viðburðum</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Viðburðir skólaársins skipulagðir með góðum fyrirvara • Ábyrgðarmaður með árvissum viðburðum (skreytingadagur, þemadagur, öskudagur o.s.frv.) • Fjölga menningarviðburðum í skólafarfinu
Tæknimál	<ul style="list-style-type: none"> • Ráða umsjónarmann með tölvu- og tæknimálum • Bæta við tölvum • Setja upp skjávarpa á öllum kennslusvæðum
Nám og kennsla	<ul style="list-style-type: none"> • Auka kennslu í upplýsingatækni, ritvinnslu og gagnaöflun • Meiri verkgreinakennslu upp í 7. bekk (betri aðstaða og tækifæri) • Stýrihópur um heildstæða stærðfræðikennslu frá 1. – 10. bekk • Fjölbreyttari kennsluhættir • Auka metnað og fjölbreytni varðandi val- og lækjartíma á unglingsstigi
Skólareglur og agi	<ul style="list-style-type: none"> • Skýrar reglur og sýnilegar • Samræma reglur milli stiga • Gæta að góðri kynningu og eftirfylgni

5. Umræða

Í sjálfsmati Sunnulækjarskóla var lagt upp með fimm grundvallarspurningar um skólastarfið. Hér verður reynt að svara þessum spurningum út frá þeim gögnum sem liggja fyrir og koma fram hér að framan.

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?

Almenn ánægja er með stjórnun og stjórnendur skólans bæði meðal foreldra og starfsmanna. Ánægja með stjórnun skólans hefur þó minnkað talsvert milli ára meðal starfsmanna skólans. Kennarar eru yngri að meðaltali sé miðað við landið í heild en menntunarstig þeirra er svipað.

2. Eru kennsluáðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?

Í Sunnulækjarskóla er hlutfallslega lítið um hefðbundna kennslu þar sem öllum bekknum er kennt það sama á sama tíma. Einstaklingsmiðuð kennsla er mjög áberandi einkenni á skólanum. Viðhorf foreldra til náms og kennslu í skólanum er mjög jákvætt. Þeir telja að skólinn mæti þörfum nemendanna og að námsefnið sé hæfilega þungt.

Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu í skólanum er hærra en almennt gerist að mati foreldra. Það sama er að segja um tíðni sérkennslunnar og hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun. Hlutfall foreldra í samstarfi um gerð einstaklingsáætlunar er svipað og á landinu að meðaltali. Foreldrar eru ánægðir með sérkennsluna en kennarar skólans benda hins vegar á nokkra þætti varðandi gæði, mönnun, skipulag og framkvæmd sérkennslunnar sem þyrfti að bæta. Óskir um sálfræðiaðstoð fyrir nemendur eru fleiri en almennt gerist og eru þeir foreldrar sem hafa nýtt sér sálfræðiaðstoð fyrir barn sitt mjög ánægðir með þjónustuna.

Hlutfall kennara sem nota hefðbundið námsmat er minna en almennt gerist en hins vegar er meira um að notaðar séu aðrar námsmatsaðferðir en hefðbundin próf. Þessi þróun eykst með árunum. Foreldrar eru ánægðir námsmatið í skólanum.

Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu eru svipuð og almennt gerist hvað varðar þrautseigju í námi, áhuga á stærðfræði og trú nemenda á eigin námsgetu. Hins vegar er ánægja af lestri og náttúrufræði og trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi marktækt minni en á landinu almennt. Nokkur kynjamunur kemur fram varðandi virkni og viðhorf til náms en stúlkur virðast almennt vera virkari og hafa jákvæðara viðhorf til náms og kennslu en drengir á landinu og sama mynstur kemur fram hjá kynjunum í skólanum. Þá kemur einnig fram að virkni og viðhorf til náms er ólíkt milli árganga skólans.

Heimavinna nemenda er hæfileg að mati foreldra og að mati nemenda er mikilvægi hennar svipuð og á landinu almennt. Hins vegar er sá tími sem kennarar ætlast til að nemendur verji til heimanáms á viku marktækt lægri í skólanum en að meðaltali á landinu á yngsta og miðstigi.

Ánægja foreldra með aðstöðu og námsumhverfi nemenda var mikil en hefur minnkað milli ára og er nú svipuð og almennt gerist á landinu. Starfsmenn telja að tæknibúnaður, of stórir námshópar og þrengslí háí starfinu.

Námsárangur í samræmdum prófum haustið 2014 var góður í íslensku í 4. og 10. bekk en þar var meðaleinkunn skólans hærri en bæði Suðurlands- og landsmeðaltalið. Meðaleinkunn 10. bekkjar í ensku var einnig hærri en Suðurlandsmeðaltalið en örlítið undir landsmeðaltali. Hins vegar var meðaleinkunn nemenda í íslensku í 7. bekk og meðaleinkunn allra árganganna þriggja í stærðfræði bæði undir Suðurlands- og landsmeðaltali. Ef horft er til fjögurra

undanfarinna ára sést að námsárangur í 4. bekk er almennt góður og það sama er að segja um árangur í íslensku í 10. bekk. Hins vegar er námsárangur bæði í íslensku og stærðfræði í 7. bekk áberandi slakur og einnig árangur í stærðfræði í 10. bekk.

3. Líður nemendum vel í skólanum?

Nemendum líður almennt vel í skólanum að mati foreldra, nemenda og starfsmanna. Líðan nemenda á yngsta og miðstigi í frímínútum mælist þó marktækt verri en líðan nemenda á landinu á þessu ári.

Sjálfsálit nemenda, trú þeirra á að þeir hafi stjórn á eigin lífi og vellíðan mælist mjög svipuð í skólanum og almennt gerist á landinu. Samkvæmt mælingum Skólapúlsins líður strákum að jafnaði betur í skóla en stelpum og það sama á við í Sunnulækjarskóla.

Umfang og tíðni eineltis í skólanum er marktækt meiri í skólanum en á landinu í heild að mati foreldra en svipuð og á landinu í heild að mati nemenda. Hins vegar er ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans og úrvinnslu í eineltismálum mikil og marktækt meiri en á landinu almennt með hraða á úrvinnslu slíkra mála. Samkvæmt mælingum Skólapúlsins er almennt meira um einelti meðal stúlkna en drengja og sú er einnig raunin í skólanum. Tíðni eineltis er svipuð meðal stúlkna í skólanum og á landinu í heild en minna meðal stráka í skólanum en almennt gerist.

Mataræði er svipað og hjá nemendum skólans og almennt gerist á landinu. Hins vegar er hreyfing nemenda í skólanum marktækt minni en á landinu einkum meðal stráka.

Skóla- og bekkjarandi er yfirleitt góður. Samskipti starfsfólks við nemendur, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi og virk þátttaka nemenda í tímum mælast svipuð og gerist annars staðar á landinu. Nokkur munur kemur fram á skóla- og bekkjaranda milli árganga. Kennarar benda þó á að þörf sé á að samræma reglur og eftirfylgni þeirra milli aldurstiga. Kennarar eru ánægðir með hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar.

4. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?

Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiaðstoð er ekki eins gott og verið hefur að mati starfsmanna skólans. Stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarerfiðleika er svipaður og almennt gerist á landinu en aðrir þættir eins og upplýsingastreymi, stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika eru minni en almennt gerist og faglegur stuðningur skólastjóra marktækt minni. Samanburður á viðhorfum kennara eftir aldurstigum leiðir í ljós að kennarar á yngsta og elsta stigi eru óánægðari með þessa þætti en kennarar á miðstigi.

Lýðræðisleg dreifing valds við ákvarðanatöku og virk samvinna um skólaþróun og umbætur hefur minnkað milli ára að mati kennara og er nú svipuð og á landinu að meðaltali. Samanburður á viðhorfum kennara eftir aldurstigum sýnir að kennarar á yngsta stigi eru mun óánægðari með þessa þætti en aðrir kennarar við skólann og marktækt óánægðari en kennarar á yngsta stigi á landinu.

Samvinna og teymisvinna er sterkur þáttur í skólastarfinu. Kennarar undirbúa kennslu yfirleitt á vinnustaðnum og hafa mikið samráð um kennsluna, marktækt meiri en kennarar á landinu að meðaltali. Þeir eru almennt mjög ánægðir með teymis- og samvinnuna í skólanum.

Starfsmenn skólans eru almennt óánægðir með starfsaðstæður sínar á vinnustaðnum en sú óánægja hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Ánægja með starfsaðstæður, vinnuaðstæður

Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2014 - 2015

kennara og aðgengi að búnaði og kennsluefni mælist marktækt minni en almennt gerist. Í þessu sambandi benda starfsmenn skólans einkum á þrengsli, aðstöðuleysi og skort á tæknibúnaði. Starfsmenn Seturs, sérdeildar Suðurlands leggja sérstaka áherslu á að þrengsli og skortur á tölvum háí starfinu.

Kennarar skólans hafa svipaða trú á eigin getu í starfi og kennarar almennt. Umfang mats og endurgjafar á störf þeirra er einnig svipuð og almennt gerist. Sanngirni mats og endurgjafar og gagnsemi hennar mælist hins vegar minni í skólanum en á landinu að meðaltali og hæfilegt mat og endurgjöf marktækt minni. Samanburður á viðhorfum kennara skólans eftir aldurstigum sýnir að kennarar á miðstigi hafa meiri trú á eigin getu en kennarar á yngsta og elsta stigi og þeir eru einnig ánægðari með mat og endurgjöf á störfum sínum en hinir hóparnir. Hins vegar birtist nokkur óánægja meðal kennara á elsta stigi með suma þessi þætti en áberandi óánægja virðist vera meðal kennara á yngsta stigi með alla þættina sem snerta mat og endurgjöf á störfum þeirra.

Símenntunarpörf kennara hefur aukist á milli ára og er nú að þeirra mati svipuð og annars staðar landinu. Meðalfjöldi daga sem kennarar verja í símenntun er einnig svipaður og á landinu. Hins vegar er hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði meiri en almennt gerist.

Starfsánægja og góður starfsandi á vinnustað hafa verið meðal sterkustu þáttanna í starfsemi skólans á undanförunum árum. Þessir þættir mælast ekki eins sterkir á þessu vori og verið hefur og eru nú svipaðir og gerist á landinu að meðaltali. Ánægja kennara með kennarastarfið er svipuð og á landsvísi í heildina en samanburður á kennurum skólans eftir aldurstigum sýnir að kennarar á elsta stigi eru marktækt ánægðari með kennarastarfið en samanburðarhópurinn en kennarar á yngsta stigi marktækt óánægðari.

Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?

Upplýsingamiðlun til foreldra er góð og þeir eru ánægðir með heimasíðu skólans.

Frumkvæði að foreldrasamstarfi er marktækt meira í Sunnulækjarskóla af hálfu kennara en almennt gerist og foreldrar eru ánægðir með foreldraviðtölin.

Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur er mikil í skólanum og marktækt meiri en almennt gerist. Viðhorf foreldra til mikilvægis þátttöku þeirra í gerð námsáætlana er svipuð og á landinu en þátttaka þeirra í gerð námsáætlana er marktækt minni en á landinu að meðaltali.

Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið og vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra sinna í náminu er svipuð og á landinu öllu. Hins vegar er sá tími sem þeir verja við að aðstoða börn sín við heimanám minni en almennt gerist á landinu og virkni þeirra í námi barna sinna og væntingar þeirra um menntunarstig þeirra marktækt minni en almennt gerist á landinu.

Fjöldi foreldra sem kaupa mat í mötuneyti skólans og ánægja þeirra með máltíðirnar er marktækt meiri í skólanum en annars staðar á landinu að meðaltali. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu eða frístundaheimili er svipuð og almennt gerist en hlutfall barna sem nota þjónustuna er minna en annars staðar.

6. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið farið nokkuð ítarlega í niðurstöður allra kannana sem gerðar voru meðal nemenda, foreldra og starfsmanna á skólaárinu ásamt samanburði við niðurstöður fyrri ára.

Samkvæmt niðurstöðum sjálfsmats Sunnulækjarskóla má í örstuttu máli segja að meðal sterkustu stöða Sunnulækjarskóla séu einstaklingsmiðuð kennsla, gott mötuneyti, samráð og teymisvinna kennara, áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur, fjölbreytt námsmat og ánægja með nám og kennslu í skólanum.

Augljósar framfarir hafa orðið á nokkrum sviðum milli tveggja síðustu ára:

- Einstaklingsmiðuð kennsla hefur aukist.
- Fjölbreytni námsmats hefur aukist.
- Úrvinnsla á eineltismálum hefur batnað og hraði úrvinnslunnar aukist.
- Hlutfall nemenda í sérkennslu, tíðni hennar og ánægja foreldra með sérkennsluna hefur aukist.
- Foreldrar eru upplýstari um stefnu skólans og námskrá en áður.

Forgangsverkefni síðasta skólaárs og mat á árangri

Í sjálfsmatsskýrslunni sem gerð var vorið 2014 var lögð áhersla á sex þætti sem þyrfti að bæta í Sunnulækjarskóla. Hér eru þeir rifjaðir upp og mat lagt á hvernig til hefur tekist.

1. Í fyrsta lagi þarf að huga að starfsaðstæðum starfsfólks, sérstaklega þarf að bæta tölvu- og tækjakost skólans og vinnuaðstöðu kennara. Þetta hefur verið áhersluatriði hjá starfsmönnum undanfarin ár og óánægja með þennan þátt skólastarfsins fer vaxandi. Þá nefna kennarar að betra aðgengi þurfi að vera að kennslugögnum, birgðageymslur verði á hverju gólfi, útbúa þurfi gagnabanka, halda vel utan um skráningu hans og fá einhvern aðila til að hafa umsjón með gagnabankanum. Einnig þurfi að varast að hafa bekkir og hópa of fjölmenna.

Tækjakostur skólans og vinnuaðstæður starfsfólks er enn þeir þættir sem starfsmenn leggja mikla áherslu á að þurfi að bæta.

2. Í öðru lagi þarf að bæta námsárangur nemenda í yngri deildum og sérstaklega í stærðfræði. Þá þarf að bregðast við minnkandi áhuga nemenda á náttúrufræði, einkum á miðstigi.

Námsárangur í íslensku í 4. bekk er góður, heldur slakur í stærðfræði en mjög slakur í báðum fögum í 7. bekk. Áhugi nemenda á náttúrufræði hefur ekki aukist.

3. Í þriðja lagi þarf að huga betur að sérkennslunni, auka stöður menntaðra sérkennara, bæta aðstöðu fyrir sérkennsluna og vinna betur með styrkleika nemenda og efla verklegt nám sérkennslunemenda. Þá þarf að huga að aðstöðu fatlaðra nemenda á skólavelli.

Enn er áhersla á sérkennslu mjög ofarlega á blaði hjá starfsmönnum skólans yfir þá þætti skólastarfsins sem þurfi að bæta. Hins vegar hefur ánægja foreldra með magn og gæði sérkennslunnar aukist.

4. Í fjórða lagi þarf að auka símenntun starfsmanna en þeir verja minni tíma til símenntunar en almennt gerist á landinu og lýsa vilja til að auka hana.

Símenntun starfsmanna mælist nú svipuð og hjá öðrum kennurum á landinu en lýsa enn vilja til að auka hana.

5. Í fimmta lagi þarf að leita leiða til að auka virkni og áhuga foreldra á námi barna sinna og væntingar þeirra um menntunarstig barnanna í framtíðinni.
Virki foreldra í námi barna sinna, tími sem þeir verja við að aðstoða þau í námi og væntingar foreldra um menntunarstig barnanna í framtíðinni eru enn mun minni en á landinu.
6. Í sjötta lagi þarf að huga að betri upplýsingamiðlun til foreldra og að bæta heimasíðu skólans en ánægja með heimasíðuna fer dvínandi á milli ára.
Ánægja með heimasíðu skólans er svipuð og almennt gerist en fleiri foreldrar telja sig vel upplýsta um stefnu og námskrá skólans nú en áður.

Forgangsverkefni skólaársins 2015 - 2016

Samkvæmt niðurstöðum þessarar skýrslu eru nokkrir þættir skólastarfsins sem þarf að bæta til að Sunnulækjarskóli verði enn betri skóli í framtíðinni en hann er nú. Erfitt er að leggja mat á mikilvægi þáttanna innbyrðis og er það ekki gert hér. Þeir eru hins vegar taldir upp í stafrófsröð hér að neðan:

1. Einelti og líðan nemenda í frímínútum

Bregðast þarf við auknu umfangi eineltis og verri líðan nemenda í frímínútum með samstilltu átaki alls skólasamfélagsins.

Umfang eineltis hefur aukist á landsvísu milli ára samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins. Umfangið hefur einnig aukist í Sunnulækjarskóla og mælist nú marktækt meira en á landinu að meðaltali að mati foreldra. Eins mælist líðan nemenda í frímínútum marktækt verri meðal nemenda í skólanum en á landinu og þá sérstaklega meðal nemenda á yngsta og miðstigi. Hins vegar mælist tíðni eineltis ekki meiri í skólanum en á landinu samkvæmt svörum nemenda en þess ber að geta að það eru aðeins nemendur í 6. – 10. bekk sem taka þátt í Skólapúlsinum. Samkvæmt niðurstöðum er einelti algengara meðal stelpna en stráka bæði á landinu og í Sunnulækjarskóla. Þrátt fyrir áhyggjur foreldra af umfangi eineltis eru þeir ánægðir með viðbrögð skólans við eineltismálum.

2. Heimastuðningur foreldra

Leita þarf leiða til að auka virkni og áhuga foreldra á námi barna sinna og væntingar þeirra um menntunarstig barnanna í framtíðinni.

Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana með börnum sínum er lítil og mun minni en almennt gerist, það sama er að segja um þann tíma sem þeir verja til að aðstoða börnin við heimanám. Virkni foreldra í námi barna sinna og væntingar þeirra um menntunarstig barnanna eru marktækt minni en á landinu að meðaltali.

3. Námsárangur

Mikilvægt er að bæta námsárangur nemenda, einkum í 7. bekk og í stærðfræði í öllum árgöngum. Þá þarf að vinna að auknum áhuga á lestri og á náttúrufræði.

Ef horft er til niðurstöðu samræmdra prófa síðastliðinna fjögurra ára er námsárangur góður í íslensku í 4. og 10. bekk. Árangur í ensku í 10. bekk fer batnandi milli ára en námsárangur í 7. bekk, bæði í íslensku og stærðfræði, er og hefur verið áberandi slakur. Þá er námsárangur í stærðfræði almennt ekki góður. Nauðsynlegt er að greina ástæður þess að árangur í 7. bekk er almennt slakari en í 4. og 10. bekk og gera ráðstafanir til að bæta árangurinn í þeim árgangi. Þá hafa kennarar bent á að æskilegt sé að skoða nám og kennslu í stærðfræði sérstaklega og mynda heildstæða stefnu í stærðfræðikennslu í skólanum. Þeir benda jafnframt á að auka þurfi kennslu í

upplýsingatækni, list- og verkgreinum og að auka þurfi metnað og fjölbreytni varðandi val- og lækjartíma á unglingsstigi. Ánægja af náttúrufræði heldur áfram að vera marktækt minni en á landinu og ánægja af lestri meðal nemenda í 7. – 9. bekk mælist marktækt minni en meðal jafnaldra þeirra.

4. Sérkennsla

Kennarar leggja áherslu á að bæta þurfi sérkennsluna í skólanum, bæði hvað varðar magn, gæði og mönnun. Þessi þáttur er efstur á forgangslista starfsmanna fyrir næsta skólaár.

Misvísandi skoðanir koma fram hjá foreldrum annars vegar og kennurum hins vegar varðandi sérkennsluna í skólanum samkvæmt niðurstöðum þessarar skýrslu. Foreldrar eru ánægðir með magn og gæði sérkennslunnar en kennarar ekki. Kennarar leggja áherslu á að sérkennsluna þurfi að bæta, fjölga þurfi sérkennslutímum, bæta skipulag, skýra betur ábyrgð með sérkennslunemendum, úthluta sérkennslutímum á faglegri og markvissari hátt og að fjölga þurfi menntuðum sérkennurum við skólann.

5. Starfsánægja

Starfsánægja og starfsandi innan skólans fer minnkandi milli ára. Leita þarf leiða til að snúa þessari þróun við.

Mikil starfsánægja og góður starfsandi hafa verið eitt af aðalsmerkjum skólastarfsins á undanförunum árum en hafa minnkað talsvert frá síðasta ári samkvæmt mælingum Skólapúlsins. Enn nefna starfsmenn þó í styrk- og veikleikagreiningunni að starfsandinn sé góður en benda jafnframt á að hann sé ekki eins góður og hann var og vart verði aukinnar stéttaskiptingar. Þá er margt sem bendir til þess að kennarar á yngsta stigi séu ekki eins ánægðir og aðrir hópar innan skólans og leita þarf bæði skýringa á þeirri óánægju og jafnframt leiða til að bæta þar úr.

6. Stjórnun og skipulag

Ánægja með stjórnun og stjórnendur skólans hefur verið almenn á undanförunum árum en mælist minni meðal starfsmanna í viðhorfakönnun Skólapúlsins nú en áður. Ýmislegt varðandi stjórnun og skipulag skólastarfsins er á meðal þess sem starfsmenn setja ofarlega á blað þegar unnið var að lista yfir forgangsverkefni skólans fyrir næsta skólaár.

Ýmsir þættir sem snúa beint og óbeint að stjórnuninni og stjórnendum skólans mælast lægri nú en áður samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins. Má þar nefna ánægju með stjórnunina, upplýsingastreymi, valddreifingu við ákvarðanatöku, virka samvinnu um skólaþróun og umbætur, faglegan stuðning skólastjóra og þætti sem varða mat og endurgjöf á störfum kennara. Sérstaka athygli vekur að kennarar á yngsta stigi skera sig úr í öllum þessum þáttum og eru marktækt óánægðari en samanburðarhóparnir og geta haft mikil áhrif á að þessi atriði koma almennt ver út en áður. Einnig kemur fram að munur er á viðhorfum kennara og annarra starfsmanna til stjórnunar skólans en almennir starfsmenn eru mun óánægðari en kennarar.

Í vinnu við forgangsröðun verkefna fyrir næsta skólaár benda starfsmenn á að fjölga þurfi í stjórnunarteymi skólans með því að bæta við deildarstjóra, þannig að þeir verði þrír, einn á hverju aldurstigi. Þá óska starfsmenn eftir því að stjórnendur séu sýnilegri á kennslusvæðum og að hafa þrjá deildarfundi á móti einum kennarafundi á mánuði. Starfsmenn vilja einnig fjölga menningarviðburðum í skólanum, að þeir séu skipulagðir með góðum fyrirvara og að sérstakur ábyrgðarmaður sé með árvissum viðburðum á skólaárinu.

7. Tæknimál og vinnuáðstæður starfsfólks

Tæknimál og vinnuáðstæður starfsfólks hafa á undanförunum árum verið ofarlega á blaði starfsmanna yfir þá þætti skólastarfsins sem nauðsynlegt sé að bæta og eru það enn.

Ánægja með starfsaðstæður í skólanum og vinnuáðstæður kennara eru marktækt lægri en almennt gerist á landinu. Tækjakostur skólans er enn sá þáttur sem starfsmenn leggja mesta áherslu á að þurfi að laga og nefna sérstaklega að bæta þurfi tölvukostinn, koma upp skjávörpum á öllum kennslusvæðum og ráða umsjónarmann með tölvu- og tæknimálum að skólanum. Þá gera starfsmenn einnig athugasemdir við þrengsli á kennslusvæðum og vinnuáðstæður almennt. Starfsmenn Setursins (sérdeildar Suðurlands) leggja sérstaka áherslu á að bæta þurfi tölvukost deildarinnar og útvega henni meira húsrými.

Sunnulækjarskóli er ungur skóli sem hefur stækkað mjög hratt á stuttum tíma. Ótal ný verkefni hafa beðið úrlausnar á hverju ári og má því segja að skólinn hafi verið eitt stórt þróunarverkefni. Skólabragurinn hefur einkennst frá upphafi af miklum faglegum metnaði, jákvæðu viðhorfi til nemenda og mikilli samvinnu og teymisvinnu. Þessar þrjár mikilvægu stoðir sem einkenna skólamenningu Sunnulækjarskóla tryggja að jákvæð og uppbyggileg þróun á skólastarfinu mun halda áfram til hagsbóta fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans.